



Ársfundur 11. maí 2021 Skýrsla stjórnar flutt af Dan Jens Brynjarssyni

Góðir fundarmenn

Rekstur Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar var á árinu 2020 líkt og á undanförunum árum í föstum og traustum skorðum. Sjóðurinn hefur um árabíl rekið nokkuð varfærna fjárfestingarstefnu þar sem stærsti hluti fjárfestinga sjóðsins er myndaður af ríkistryggðum verðbréfum.

Eignir sjóðsins eru eins og fyrra ár metnar á gangvirði og eiga að gefa nokkuð glögga mynd af eignastöðu í árslok.

Alls greiddu 61 sjóðfélagar hjá 6 launagreiðendum iðgjöld til sjóðsins árinu og fækkaði greiðandi sjóðfélögum um 9 frá fyrra ári. Árið þar áður fækkaði greiðand sjóðfélögum um 11 og hefur því greiðandi sjóðfélögum fækkað um 20 á tveimur árum. Iðgjöld námu samtals 59 milljón króna og lækkuðu um 7% frá fyrra ári. Virkir sjóðfélagar, þ.e. sjóðfélagar sem að jafnaði greiða iðgjöld til sjóðsins með reglubundnum hætti í mánuði hverjum voru 55 en voru ári áður 64.

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu um 1.036 milljónum króna og hækkuðu um 9,4% frá fyrra ári og var fjöldi lífeyrisþega að meðaltali 686 á árinu 2020 og 645 á árinu 2019 en á árinu 2018 nam fjöldinn 593. Fjöldinn hefur því aukist um 93 á tveimur árum eða 15,7%

Nafnávöxtun sjóðsins á árinu var 11,2% og hrein raunávöxtun 7,4% samanborið við 9,6% nafnávöxtun og 6,7% raunávöxtun á árinu 2019. Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris nam 13.490 milljónum króna og hækkaði um 6,1% frá fyrra ári.

Meðalraunávöxtun s.l. 5 ára er 4,06% og 4,31% ef horft er til síðustu 10 ára sem teljast má viðunandi.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins versnaði um 1.081 m.kr. á árinu. Áfallnar skuldbindingar sjóðsins námu um áramót 20.632 m.kr. og eignir til tryggingafræðilegs uppgjörs 11.619 .kr. Áfallnar skuldbindingar nema því 9.479 m.kr. umfram eignir. Eignir sjóðsins duga því fyrir um 56% af áföllnum skuldbindingum miðað við 2% ársvexti umfram launabreytingar.

Sjóðurinn er með ábyrgð Akureyrarbæjar og byggir ekki alfarið á sjóðsöfnun. Launagreiðendum ber skylda til að endurgreiða sjóðnum hluta af lífeyrisgreiðslum og að teknu tilliti til þeirra má ætla að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar.

Góðir fundarmenn

Eins og fram hefur komið þá hefur rekstur sjóðsins verið í föstum skorðum á liðnum árum og gerir stjórn sjóðsins ráð fyrir að rekstur verði með svipuðu sniði á þessu ári.

Samstarf sjóðsins við Stapa lífeyrissjóð hefur gengið vel. Ég vil nota tækifærið til að þakka starfsfólki Stapa svo og stjórnarmönnum og varastjórnarmönnum fyrir gott og ánægjulegt samstarf á árinu.

Sömu þakkir eru færðar lífeyrisþegum og sjóðfélögum.